

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Brynjar Þór Jónasson
Dags. 7. september 2018
Mnr. 2017010043



ÍSAFJARÐARBÆR

Málefni hverfisráða 2017-2018

Miðvikudaginn 5. september 2018 leituðu íbúar við Túngötu 12 og Eyrargötu 3 til tæknideildar Ísafjarðarbæjar og lýstu yfir áhyggjum af staðsetningu „ærslabeljar“, sem fyrirhugað var að setja niður, að ósk hverfisráðs Eyrar og efribæjar, á lóð fyrrum gæsluvallar við Túngötu. Íbúarnir lýstu óánægju sinni með að ekki hafi verið tilkynnt um fyrirhugaða uppsetningu leiktækisins á þessum stað, engar upplýsingar fengist um opnunartíma og engin grenndarkynning hafi farið fram. Samkvæmt deiliskipulagi Eyrarinnar á Ísafirði, samþykkt í sveitarstjórn 16. október 1997, er umrætt svæði, þ.e. Eyrartúnið, ásamt lóð undir gæsluvöll, skilgreint sem leiksvæði og almenningsgarður (sjá mynd).



Það samræmist því deiliskipulagi að staðsetja „belginn“ innan reitsins og því ekki þörf á grenndarkynningu. Undirritaður skýrði út fyrir íbúunum að staðsetningin væri í samræmi við deiliskipulag og því ekki óeðlilegt að staðsetja leiktækið á þessum stað án undangenginni kynningu. Íbúarnir höfðu af því áhyggjur að hljóðmengun frá leiktækinu gæti orðið meiri en ásættanlegt er, því var úr að leiktækið var fært, í samráði við forstöðumann Safnahússins, lengra inná Eyrartúnið og stendur nú í um 40 metra fjarlægð frá nærliggjandi húsum í stað 20 metra.


Brynjar Þór Jónasson sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs

